

Hafnarfjörður

Fornleifaskráning

vegna deiliskipulags við Hamarnes og Vatnshlíðarhnúk í Hafnarfirði.



Katrín Gunnarsdóttir
fornleifafræðingur MA

Hafnarfjörður 17. maí, 2011.

Efni: Deiliskipulag við Hamarnes og Vatnshlíðarhnúk í Hafnarfirði.

Að beiðni Skipulags- og byggðasviðs Hafnarfjarðar var Byggðasafni Hafnarfjarðar falið að gera fornleifaskráningu fyrir ofangreint svæði, sem er í landi Hvaleyrar og Áss.

Eiginleg fornleifaskráning hefur ekki áður verið gerð á svæðinu.

En 12. júní 2008 óskaði Byggðasafn Hafnarfjarðar eftir áliti Fornleifaverndar ríkisins vegna þess að á ofangreindu svæði var búið að losa mikið af efnisfyllingu sem gerði það að verkum að minjar yrðu í beinni hættu ef því yrði framhaldið.

Í svari Fornleifaverndar frá 24. júní 2008 segir að ef efnisfylling sú sem þegar er hafin á svæðinu muni fara yfir svæðið þar sem minjar eru staðsettar þurfi að óska leyfis Fornleifaverndar ríkisins til raska þeim. Stofnunin mundi þá taka afstöðu til varðveislugildis minjanna þegar og ef slík ósk berst. Óheimilt er að raxa minjum á nokkurn hátt án slíks leyfis. sbr. 10. gr þjóðminjalaga.

Á meðan á ofangreimdum samskiptum stóð var efnislosun stöðvuð á svæðinu og hefur síðan verið í lágmarki. Minjarnar eru ekki meiri hættu en orðið var vegna fyrri losunar á fyllingarsvæðinu.

Við síðari athugun á efnisfyllingarsvæðinu sem framkvæmd var með aðstoð Jónatans Garðarssonar kom í ljós að varðan, Bleikisteinsvarða hafði horfið undir efnisfyllinguna, og verður hún ekki endurheimt úr því mikla efnismagni sem þar hefur verið losað.

Fyrirhugað deiliskipulag lítur að því:

Að ganga frá núverandi fyllingarsvæði, aðlaga það og móta að landslagi með áherslu á útvist.

Sögulegt yfirlit.

Hvaleyri

Í Hauksbók Landnámu er sagt að Hrafna-Flóki hafi silgt í Hafnarfjörð og fann þar hval á eyri einni og kallaði það Hvaleyri.

Í landnámu segir að Ásbjörn Özzurason bróðursonur Ingólfs hafi numið land milli Hraunholtslækjar og Hvassahrauns og Álftanes og bjó hann á Skútustöðum. ÍF I, 39,394.¹

Um 1300 er getið um Hvaleyri í sögu af Teiti bónda þar í Járnteinssögu Þorláks helga. Biskupa sögur I, 386.²

1343 er minnst á Hvaleyri í Gottskálksannál Islandske Annaler, 352.³

Árið 1365 segir frá sandfjúki og sjávangangi á tún Hvaleyrar. Gísli Sigurðsson: Saga 293.⁴

Og árið 1395 á Viðeyjarklaustur Hvaleyri og leiga 4 hndr. DI III, 597.⁵

1448 er „kirkian aa Hvaleyri ætti Þorlakstade og Hravnnelle. Hamranes og Grisanes ok alltt fyrir svnnann vtann ok ofan ok vp vr Hvaleyrar vatnniok nordvr j kornstapa hravn og alltt vp med gotvnni fyrir svnnan ok vp yfer þormudz hofda nema litinn skog ar lavgarnes kirkia aa vid landsydri j Hvaleyrar hofda“ DI IV, 751.⁶

1547-48 er jarðarinnar getið í fógetareikninum DI XII, 114.⁷

Árið 1703 er jarðadýrleiki óviss, konungsjörð.

Skoðunarmenn frá 1751 sögðu sig hafa heyrt að á Hvaleyri hafi verið 10-12 hjáleigur til forna. Sigurði Skúlasyni sem ritar sögu Hvaleyrar þykir þetta ótrúleg saga.

Á árunum 1754-57 bjó enginn á Hvaleyri og má það vera ein ástæða þess að bæjarhús og tún spilltust.

Árið 1815 keypti Bjarni Sívertsson jörðina af konungi. Saga Hafnarfjarðar 36-37, 42.⁸

1847, er jörðin 20 hndr, kirkjufjörð. Landskuld: 0.100. Kúgildi tvö. Ábúendur. Einn eigandi.⁹

1912 voru afbýli Hvaleyrar, Hjartarkot, Sveinskot, Tjarnarkot, Halldórskot, Vesturkot, Egilsonsgerði seld Hafnarfjarðarbæ.

1703 Spillast tún af sandságangi, og engjar eru engvar.

1730 voru Hvaleyrartún stórskemmd af grasmaðki og einning herjuðu sandfor og fugl á það.

Mikill lausamosi í túnnum. Túnið hélt áfram að skemmast og árið 1751 varð að slá vættum og einu kúgildi af afgjaldi jarðarinnar hvort sem það hefur eingöngu verið landskemmdum að kenna. Sigurður Sigurðsson, Saga Hafnarfjarðar 35-36.¹⁰

Ás.

1703 er jörðin talin um 12 hndr. og þar af væri hlutur konungs 8 hndr og 40 álnir,

1703 voru engar engjar á jörðinni¹¹

1847 12 hndr. Landsk. 0.80. Kúgildi 2. Ábúendur einn leiguliði. Johnson 92.¹²

Tún 2.8 teigar. Þar af helmingur sléttaður, garðar 670 m².¹³

¹ ÍF I, 39,394.

² Biskupa sögur I, 386.

³ Gottskálksannál Islandske Annaler.

⁴ Gísli Sigurðsson: Saga 293.

⁵ DI III, 597.

⁶ DI IV, 751.

⁷ DI XII, 114.

⁸ Saga Hafnarfjarðar 36-37, 42.

⁹ Jarðatal á Íslandi, bls. 92.

¹⁰ Sigurður Sigurðsson, Saga Hafnarfjarðar 35-36.¹⁰

¹¹ Jarðabók 1703. Bls. 170-172.

¹² Jarðatal á Íslandi 1847. Bls. 92.

¹³ Túnakort frá 1918.

Almennt um verkefnið.

Mikið magn jarðefna fellur til við margvíslegar framkvæmdir í bæjarfélaginu á vegum opinberra aðila og einstaklinga. Frá 1988 fór megnið af efni á tipp við Krýsurvíkurveg, og árið 2008 var það landsvæði fullnýtt. Auk þess var svæðið inni á fjarsvæði vatnsverndar og lagalegt umhverfi og viðhorf vegna förgunar á jarðefnum höfðu breyst. Uppi hafa verið ýmsar tillögur um svæði fyrir losun jarðefna, en niðurstaðan var sú að reyna að nýta hluta af svæðinu við Hamranes, sem voru gamlir sorphaugar. Á svæðinu voru reknir sorphaugar. Deiliskipulag svæðisins er unnið af Formu ehf. landslagsarkitektum og hófst undirbúningur við deiliskipulagið í nóvember 2009. Vinna við landmótun svæðisins og frágang hafa verið í vinnslu síðan 2004. Verkefnið er unnið í nánú samráði við Hafnarfjarðarbæ. Við vinnslu verkefnisins er notast við loftmyndir frá Ísgraf og stafrænan kortagrunn og innmælingar frá Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar.

Grunngögn.

Til grundvallar þessari greinargerð og landmótun er Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025 og ýmis hönnunarvinna við svæðið og greinargerðir, sjá nánar heimildaskrá.

Afmörkun á svæði til landmótunar.

Verkefnið tekur til svæðis við Hamranes um er samtals um 265.200 m² að stærð. Afmörkun svæðisins er við fyrirhugaður ofanbyggðarvegur til austurs og norðurs, Kaldárselsvegur til suðurs, hraunjaðrar til suðurs og vesturs (sjá útlínur skipulagssvæðis, sem settar eru fram á deiliskipulagsuppdraetti).¹⁴

¹⁴ Formu ehf. Greinargerð og skipulagsskilmálar. Bls. 4.

Fornleifaskráning.

HVALEYRI.

1. Varða



Horft til austur að Markavörðu.



Horft að vörðunni til vesturs.

Heiti:	Markavarða.
Staðsetning:	N: 064°02.378 V: 021°56.574
Minjagildi:	Hátt.
Hætta:	Mikil.
Hættumat:	Landmótun.
Ástand:	Ágætt.
Hlutverk:	Landamerkjavarða.

Legi og staðhættir: Sunnan undir Bleikisteinshæðinni liggja gömlu sorphaugar Hafnarfjarðar, og framhjá þeim liggur vegurinn að Hvaleyrarvatni til norðurs. Sunnan við veginn er aðstaða Flugmótelsklúbbsins Þýts.

Frá austurenda efnisfyllingar á tippsvæðinu eru aðeins um 8 m í vörðuna.

Örnefnaskrá: Varðan er á landamerkjum Áss og Hvaleyrar á svokallaðri Bleikisteinshæð eða Bleikisteinsháls, en þar sem hæst er á hæðinni heitir Bleikisteinshnjúkur.

Lýsing: Varðan stendur á afmarkaðri sléttu klöpp. Hún er um 1.50 m á hæð, hringlaga grunnflötur um 1 m, og mjókkar upp og er hún upphlaðin úr flötum steinum, steinastærð 0.25-0.50 m. Vegna uppfyllingar á svæðinu er varðan í hættu, eins og staðan er í dag er varðan aðeins 8 m frá uppfyllignarsvæðinu í austur, og samkvæmt áætluðum áformum um nýtingu svæðsins mun varðan hverfa.

Athugasemdir: Frá því að athugun fór fram á svæðinu í júní 2008, hefur efnisfylling verið í lágmarki og varðan því ekki í meiri hættu en hún var í þegar vettvangathugn fór fram

Heimildir: Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.

Vettvangur með Jónatani Garðarssyni 11. júní 2008.

2. Varða/horfin



Efsti hluti vegaslóðans sem liggur til austurs á fyllignasvæðinu. Horft til suðausturs. Varðan hefur verið vestarlega í kanti vegslóðans.

Heiti: Bleikisteinsvarða

Staðsetning: Ekki vitað nákvæmlega.

Minjagildi: Hátt.

Hætta: Engin.

Hættumat: Ekkert.

Ástand: Horfin.

Hlutverk: Leiðavarða.

Legg og staðhættir: Varðan vísaði á Stórhöfðastíginn, þar sem hann lá yfir hálsinn sem er á milli Bleikisteinsháls og Hamraness og hét Bleikisteinsvarða. Hún var í landi Hvaleyrar.

Aðrar upplýsingar: Þegar vinna við efnisfyllinguna á svæðinu var í fullum gangi mun varðan hafa horfið undir fyllingarefnin sem voru losuð þarna af mörgum aðilum úr hinu ýmsu bæjarfélögum í nágrenni Hafnarfjarðar. Þessir aðilar höfðu ekki þekkingu á varðveislugildi fornminja á svæðinu, og þeir sem áttu að fylgjast með losun höfðu ekki næga yfirsýn yfir svæðið vegna stöðugs straums vinnutækja um það.

Ekki er til nákvæm staðsetning eða lýsing á vörðunni.

Líkleg staðsetning án gps hnita, er gerð á vettvangi af Jónatan Garðarssyni. Áætluð staðsetning er merkt á kortið með svörtum uppfylltum hring.

Heimild: Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.

Viðmælandi Jónatan Garðarsson.

Ás.

3. Byrgi



Horft yfir hleðslusteina byrgisins til vesturs.

Tegund:	Byrgi.
Heiti:	Byrgi.
Hlutverk:	Herminjar.
Staðsetning:	N: 064°.02.446 V: 021°56.607
Minjagildi:	Talsvert.
Ástand:	Lélegt.
Hætta:	Mikil.
Hættumat:	Landmótun.

Lega og staðhættir: Byrgið er um 130 m í norður frá Bleikisteinsvörðu sem er á landamerkjum Áslands og Hvaleyrar á svokallaðri Bleikisteinshæð, en þar sem hæst er heitir á hæðinni heitir Bleikisteinshnjúkur. Sunnan undir Bleikisteinshæðinni liggja gömlu sorphaugar Hafnarfjarðar, og fram hjá þeim liggur vegurinn að Hvaleyrarvatni til norðurs. Sunnan við veginn er aðstaða Flugmótelsklúbbsins Þyts.

Lýsing: Byrgið er fallið og má sjá steina úr því á um 2.5 m stóru svæði, en miðja byrgisins er allt að því hringlaga um 0.45 í þvermál. Gólfhlötur byrgisins er grasivaxinn og í kringum byrgið er lyng- og grasivaxið land. Frá byrginu sést vel yfir Hafnarfjörð og út á sjó til norðurs og vesturs.

Athugasemdir: Athugun á svæðinu frá 11. júní 2008. Vegna uppfyllingar á svæðinu er byrgið í hættu. Eins og staðan er í dag er varðan um 125 m í norður frá uppfyllignarsvæðinu, en samkvæmt áætluðum áformum um nýtingu svæðsins mun stæðið hverfa í jaðar uppfyllingarinnar.

Frá því að athugunin fór fram á svæðinu í júní 2008, hefur efnisfylling verið í lágmarki og byrgið því ekki í meiri hættu en það var í þegar vettvangathugn fór fram

Heimildir: Gísli Sigurðsson. Ás, Garðahreppur, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun.

Vettvangur með Jónatani Garðarssyni 11. júní 2008.

Niðurstöður.

Þar sem að efnisfyllingu hefur verið hætt á skráningarsvæðinu eru fornleifar sem þar eru ekki í hættu frá þeirri framkvæmd.

Fyrirhugað deiliskipulag miðast við að ganga frá núverandi fyllingarsvæði, laga það og móta að landslaginu með áherslu á útvist.

1. Við deiliskipulags og landmótun svæðisins ætti að taka verulegt tillits til Markavörðu. Einnig að ekki verði hætt við vörðuna vegna vinnu almennt á svæðinu eða hvað varðar ágang vinnuvéla.
2. Staðsetning vörðunnar sem fór undir efnisfyllinguna er ekki hægt að fastsetja en líkleg staðsetning án gps hnita er gerð á vettvangi af Jóntan Garðarssyni. Áætluð staðsetning er merkt númer 2.

Varðan er horfin og verður ekki endurheimt úr vegarstæðinu.

3. Byrgið sem er fallið er í vesturkanti svæðisins telst til stríðsminja í landi Hafnarfjarðar. Þó byrgið sé fallið og ekki um fornleif að ræða, er hersetan óneitanlega hluti af sögu okkar, og horft til framtíðar er mikilvægt að taka tillit til þess við fyrirhugað deiliskipulag svæðisins.

Heimildir:

Árni Magnússon og Páll Vídalín Jarðabók 1703. Kaupmannahöfn 1943.
Biskupa sögur I, útg, Hið íslenska bókmenntafélag Kaupmannahöfn 1958.
Forma ehf. 23.04.2010. Deiliskipulag við Hamranes og Vatnshlíðarhnúk Hafnarfirði.
DI: Íslenskt fornbréfasafn I-XVI Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.
Gísli Sigurðsson: „Fornubúðir“ Saga, Tímarit Sögufélagsins III bindi.
Gottskálksannál Islandske Annaler. Indtill 1578, G. Storm gaf út, Christiania 1888.
ÍF: Íslenskt fornrit I, Reykjavík 1933.
J. Johnsen Jarðatal á Íslandi. Kaupmannahöfn 1847.
Sigurður Skúlason: Saga Hafnarfjarðar Reykjavík 1933.
Túnakort frá 1918. Þjóðskjalasafn Íslands.

Heimildarmaður: Jónatan Garðarsson. Lóuási 2, 220 Hafnarfjörður.

Fylgiskjöl:

Loftmynd af skipulagssvæðinu, þar sem fornleifar eru marktar með tölunum 1-3.

Loftmynd af svæðinu þar sem gömlu öskuhaugar Hafnarfjarðarbæjar eru afmarkaðir.

Ljósmyndir: Katrín Gunnarsdóttir 11. júní 2008.



2

1

3

HAMRANESNÁMUR

mælikvarði
10 0

100

200

300

400

